HV 2019-18
ISSN 2298-9137

HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Efnasamsetning grunnvatns á vatnasviði Mývatns

Eydís Salome Eiríksdóttir

REYKJAVÍK MARS 2019

Efnasamsetning grunnvatns á vatnasviði Mývatns

Eydís Salome Eiríksdóttir

*Skýrslan er unnin fyrir Náttúrurannsóknarstöðina
við Mývatn*

Haf- og vatnarannsóknir

Marine and Freshwater Research in Iceland

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Upplýsingablað

Titill: Efnasamsetning grunnvatns á vatnasviði Mývatns		
Höfundur: Eydís Salome Eiríksdóttir		
Skýrsla nr: HV 2019-18	**Verkefnisstjóri:** Eydís Salome Eiríksdóttir	**Verknmer:** 9204
ISSN 2298-9137	**Fjöldi síðna:** 53	**Útgáfudagur:** 25. mars 2019
Unnið fyrir: *Náttúrurannsóknarstöðina við Mývatn*	**Dreifing:** Opin	**Yfirfarið af:** Jón S. Ólafsson

Ágrip

Efnasamsetning grunnvatns á vatnasviði Mývatns var mæld í sýnum sem safnað var í byrjun september 2017. Styrkur aðalefna og snefilefna, þ.m.t. næringarefna var mældur. Styrkur aðalefna og köfnunarefnis var hærri í lindum sem renna til Ytriflóa en í Syðriflóa en styrkur fosfórs var meiri í lindum sem renna til Syðriflóa. Vísbendingar eru um næringarefnamengun í lind við Bjarg og sýna mælingar að það hefur verið þannig frá því að fyrstu sýni voru tekin 1973. Samanburður við eldri gögn sýnir að styrkur köfnunarefnis í Helgavogi og Kálfstjörn hefur heldur lækkað frá 1973, en er samt hærri en á öðrum sýnatökustöðum á svæðinu. Fosfórstyrkur er hlutfallslega meiri en köfnunarefnisstyrkur miðað við þörf ljóstillífandi lífvera sem gerir vatnið ákjósanlegt fyrir köfnunarefnisbindandi blábakteríur sem ná oft miklum blóma í Mývatni.

Abstract

The chemical concentration of groundwater and springs in the Lake Mývatn catchment was determined in samples collected in September 2017. The results show that the concentration of major elements, some trace elements and nitrogen was higher in springs that feed Ytriflói compared with those that feed Syðriflói, but the concentration of phosphorus was higher in springs that feed Syðriflói. There are evidences of organic contamination in a spring at Bjarg, which has persisted for decades. Comparison with data from 1973 shows that the nitrogen concentration in Helgavogur and Kálfstjörn has decreased with time but is still higher compared with other sampling spots in the area.

Lykilorð: *Næringarefni, lífræn mengun, grunnvatn, Mývatn, Mývatnssveit, aðalefni, snefilefni*

Undirskrift verkefnisstjóra: Eydís Salome Eiríksdóttir	**Undirskrift forstöðumanns sviðs:** Hólmfríður Valdimarsdóttir

Efnisyfirlit

1. Inngangur 1
2. Aðferðir 3
3. Niðurstöður og umræður 4
3.1 Aðalefni 4
3.2 Næringarefni 10
3.3 Snefilefni 16
5. Lokaorð 17
6. Þakkir 18
Heimildir 18
Viðauki 1. Styrkur næringarefna í lindum og borholum við Mývatn 19
Viðauki 2. Efnagreiningar frá ALS Scandinavia AB 26

Myndaskrá

1. mynd. Staðsetningar lindarvatnssýna á Mývatssvæðinu. 2
2. **mynd**. Vatnssýnatökur í Mývatnssveit 3
3. **mynd**. Vatnshiti (A), heildarmagn uppleystra efna í vatni (B) og rafleiðni vatns (C) á Mývatnssvæðinu. 7
4. **mynd**. Þungahlutföll aðalefna (mg/l) í lindavatnssýnum frá Mývatnssveit 8
5. **mynd**. Magn uppleystra efna sem hlutfall af heildarmagni uppleystra efna (þungahlutfall, mg/l) 9
6. **mynd**. Styrkur næringarefna (µmól/l) í lindum og borholum í grennd við Mývatn. 13
7. **mynd**. Styrkur næringarefna í lind við Bjarg frá 1973 til 2018 14
8. **mynd**. Breytingar á styrk fosfats (PO_4) og nítrats (NO_3) frá 1972 til 2018. 15

Töfluskrá

Tafla 1. Staðsetningar sýnatökustöðva í Mývatnssveit í september 2017. 5
Tafla 2. Niðurstöður mælinga og efnagreininga á aðalefnum og snefilefnum í sýnum frá Mývatnssveit.... 6
Tafla 3. Styrkur næringarefna (µmól/l) í sýnum frá Mývatnssveit. 11
Tafla 4. Styrkur næringarefna (µg frumefna í líter) í sýnum frá Mývatnssveit 12

1. Inngangur

Í júní 2016 var, að beiðni umhverfis- og auðlindaráðherra, gerð samantekt á ástandi vistkerfis og næringarefna í Mývatni í kjölfar mikilla blábakteríublóma og aukins álags á vistkerfi Mývatns. Þar var gerð grein fyrir orsökum ástandsins og lagðar til mögulegar aðgerðir til úrbóta (Samstarfshópur um Mývatn 2016). Eitt af því sem lagt var til í skýrslunni var að komið yrði á árlegri vöktun næringarefna í grunnvatni á völdum stöðum, með hliðsjón af kortlagningu efnanna, og í útföllum Mývatns og Grænavatns.

Að rannsókninni stóðu Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn (RAMÝ) og Hafrannsóknastofnun, var rannsóknin kostuð af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Auk þeirra sýna sem safnað var í þeirri rannsókn sem hér greinir frá, var gerð sambærileg rannsókn á efnainnihaldi grunn- og lindavatns á vegum Íslenskra orkurannsókna (ÍSOR). Sú rannsókn er liður í árlegri vöktun á grunnvatni fyrir Landsvirkjun voru niðurstöðurnar birtar í skýrslu ÍSOR árið 2017 (Sigurður Garðar Kristinsson o.fl. 2017). Leyfi hefur fengist fyrir því að nota niðurstöður þeirrar rannsóknar til viðbótar gögnum sem hér eru kynnt í fyrsta sinn, til að fá betri heildarmynd af efnastyrk grunnvatns á svæðinu. Kunnum við Landsvirkjun og ÍSOR kærar þakkir fyrir.

Undirbúningur á kortlagningu á efnastyrk grunnvatnsstrauma hófst sumarið 2017 og í september sama ár var sýnum safnað úr lindum á Mývatnssvæðinu þar sem grunnvatn streymir til yfirborðs. Rannsóknin var gerð til að afla grunnupplýsinga um efnaástand þess vatns sem rennur til Mývatns, greina möguleg áhrif af mannavöldum á efnastyrk grunnvatnsstraumanna og til að staðsetja framtíðarvöktunarstaði í Mývatni. Að sýnatökunni unnu Eydís Salome Eiríksdóttir, Árni Einarsson og Júlía Katrín Björke. Niðurstöður rannsóknarinnar birtast í þessari skýrslu.

Mývatn er eitt af lífauðugustu vötnum á norðurhveli jarðar, þrátt fyrir legu þess nærri heimskautsbaug og þá staðreynd að það er hulið ís um 190 daga á ári (Pétur M. Jónasson 1979). Vatnasvið þess er um 1.300 km^2. Það er hulið gropnum basalthraunum sem valda því að nær ekkert yfirborðsrennsli er til vatnsins heldur er mest allt innstreymið grunnvatn sem streymir um lindir í austanvert vatnið (Hrefna Kristmannsdóttir og Halldór Ármannsson 2004). Kort frá Verkfræðistofunni Vatnaskilum sýnir einnig grunnvatnsstraum frá Kröflusvæðinu í átt að Ytriflóa (Vatnaskil 2008). Vatnsmestu lindirnar eru kaldar lindir sem falla í Syðriflóa, en nyrstu lindirnar eru volgar og renna í Ytriflóa (1. mynd). Í volgu lindunum er blanda af jarðhitavatni ættuðu frá jarðhitasvæðinu við Námafjall og köldu grunnvatni sem ættað er sunnan úr Dyngjufjöllum eða jafnvel Vatnajökli (Bragi Árnason 1976; Hrefna Kristmannsdóttir og Halldór Ármannsson 2004; Vatnaskil 2008). Úr Ytriflóa rennur vatnið um þröngt sund til Syðriflóa.

Mývatn er 37,3 km^2 að flatarmáli og er meðaldýpi þess 2,05 m. Viðstöðutími vatns í Mývatni er nú að meðaltali 27 dagar, en sökum dýpkunar vatnsins við kísilgúrnám í Ytriflóa 1967–2004 lengdist viðstöðutími vatns úr 13 dögum í 27 (Samstarfshópur um Mývatn 2016). Vatn fellur úr Mývatni í þremur kvíslum sem sameinast skammt frá útfallinu. Ein þeirra hefur verið dýpkuð mikið og kallast þar Geirastaðaskurður. Þaðan fellur vatnið til Laxár. Rennsli Laxár er að meðaltali 33 m^3/s við Helluvað en þar hafa Kráká og Sortulækur sameinast vatni úr Mývatni. Rennsli Krákár er áætlað 8 m^3/s (Vatnaskil 2008).



1. mynd. Staðsetningar lindarvatnssýna á Mývatnssvæðinu. Hluti af sýnunum var safnað í rannsókninni sem hér er greint frá (23 staðir) og hluti sýnanna var safnað af starfsfólki ÍSOR 2017 (Sigurður G. Kristinsson o.fl. 2017). – *Sampling locations at Mývatn in September 2017. Part of the samples were collected by ISOR (Sigurður G. Kristinsson et al. 2017).*

2. Aðferðir

Sýnum var safnað af 23 lindarsvæðum við Mývatn auk þriggja sýna sem safnað var í Svartárvatni og í upptökum Krákár, í um 25 km fjarlægð frá syðsta hluta Mývatns (1. mynd og tafla 1). Söfnun á síðasttöldu sýnunum var gerð til að fá samanburð við lindir utan vatnasviðs Mývatns. Þar sem möguleiki var fyrir hendi, var sýnum dælt beint af söfnunarstað í gegnum síubúnað (síuhaldari frá Sartorius, 142 mm og 0,2 µm Cellulose Acetate síur frá Sartorius). Annarsstaðar var vatni safnað í brúsa sem dælt var upp úr í gegn um síubúnaðinn eins fljótt og auðið var (2. mynd). Mælingar á pH og leiðni voru gerðar á staðnum með mælum Náttúrurannsóknastövarinnar við Mývatn (EcoSense pH 1004, kvarðaður við pH 7 og 4). Sýnum var safnað í mismunandi sýnaglös eftir því hvað átti að mæla. Fyrst var síað í 250 ml glerflösku til mælinga á basavirkni (alkalinity). Flaskan var fyllt frá botni þar til hún var alveg full og var henni lokað kyrfilega og þess gætt að ekki væri loftbóla inni í flöskunni. Þá var síað í tvær 100 ml plastflöskur til mælinga á næringarefnum og anjónum. Sýnið til mælinga á næringarefnum var fryst í lok sýnatökudags en anjónasýnið var geymt við stofuhita þar til það var greint. Þá var síað í 50 ml sýruþvegna plastflösku til mælinga á katjónum og snefilefnum. Í þá flösku var bætt 0,5 ml af hreinsaðri saltpétursýru (Suprapure HNO_3) í lok sýnatöku.

Sýni fyrir basavirkni voru unnin daginn eftir söfnun á rannsóknastofu Landsvirkjunar í Kröflu þar sem þau voru títruð. Anjónir (Cl, F, SO_4) voru einnig mældar á jónaskilju á rannsóknastofu Landsvirkjunar. Sýni til mælinga á katjónum, snefilefnum og næringarefnum voru efnagreind hjá ALS Scandinavia í Svíþjóð og mæld skv. stöðluðum aðferðum. Snefilefni voru mæld með ICP-SFMS (SS EN ISO 17294-1, 2 (mod) og EPA-aðferð 200.8 (mod), katjónir með ICP-AES (SS EN ISO 11885 (mod) með EPA-aðferð 200.7 (mod) og kvikasilfur (Hg) var mælt með AFS (SS EN ISO 17852). Næringarefni voru mæld með sjálfvirkum litrófsmæli, NO_2 skv. DS/EN ISO 11732:2005, NO_3 og NH_4 skv. innanhússaðferð hjá ALS Scandinavia, N-total skv. DS/EN ISO 6878:2004, P-total og PO_4 skv. DS/EN ISO 6878:2004. Greiningarmörk (Limit of detection; LOD) er gefið sem < gildi í töflu 2.

2. mynd. Vatnssýnatökur í Mývatnssveit. Sýnum var dælt beint í gegnum síunarbúnað á söfnunarstaðnum þar sem það var hægt. Annarsstaðar var safnað í hreinan brúsa sem dælt var upp úr í gegn um síubúnað. Leiðni og pH voru mæld á staðnum. – *Water sampling in Lake Mývatn. Samples were pumped directly through the sampling equipment where possible, Otherwise, samples were collected in a clean container and processed as soon as possible.*

3. Niðurstöður og umræður

3.1 Aðalefni

Niðurstöður mælinga á efnastyrk í vatnssýnunum sem safnað var 2.–5. september 2017 eru sýndar í töflum **Tafla *2***–4. Styrkur uppleystra aðalefna er gefinn í míkrómólum í lítra vatns (µmól/l), styrkur snefilefna í míkrómólum eða nanómólum í lítra vatns (µmól/l eða nmól/l) (**Tafla *2***) og styrkur næringarefna sem míkrómól í lítra vatns (µmól/l) (tafla 3) og sem míkrógrömm frumefnanna N og P í lítra (µg/l) (tafla 4). Ákveðið var að gefa næringarefni líka upp sem µg/l til að auðvelda samanburð við aðrar rannsóknir.

Heildarmagn uppleystra efna (TDS, e. *total dissolved solids*) í sýnunum sem safnað var á vatnasviði Mývatns 2.–6. september 2017 var reiknað út frá mældum styrk uppleystra aðalefna (sjá t.d. Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2018a) og var á bilinu 70–364 mg/l. Heildarstyrkur uppleystra efna var hærri í lindum sem streyma til Ytriflóa en í öðrum lindum á svæðinu, sem skýrist af áhrifum jarðhita á þau lindavatnskerfi (1. og 3. mynd). Lægstur var styrkurinn í Sandvatni og Svartárvatni (70 og 90 mg/l) en hæstur var hann í sýni frá Kálfstjörn (364 mg/l). Í sýnum frá ÍSOR var heildarmagnið á bilinu 325–1444 mg/l en þau sýni voru flest undir áhrifum af jarðhitavatni (Sigurður G. Kristinsson o.fl. 2017). Heildastyrkur uppleystra efna í sýnum af vatnasviði Mývatns er hár miðað við lindarvatn af öðrum svæðum á Íslandi. Til dæmis má nefna að TDS í Silfru og Vellankötlu í Þingvallavatni var að meðaltali 61 og 49 mg/l á árunum 2007–2017 (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2018a) og 96 mg/l í Grenlæk í Landbroti á árunum 2003–2006 (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2007).

Rafleiðni (leiðni) vatns endurspeglar magn hlaðinna efna (jóna) í vatninu og eykst með auknum styrk jóna. Þess vegna er beint samband á milli heildarmagns uppleystra efna (TDS, *Total Dissolved Solids*) og leiðni. Leiðni í grunnvatnssýnunum sem safnað var í rannsókninni var frá 76 upp í 399 µS/cm. Leiðni í sýnum frá ÍSOR var frá 148–1230 µS/cm (Sigurður G. Kristinsson o.fl. 2017). Helstu aðalefni á jónaformi í ferskvatni á Íslandi eru Na^+, K^+, Ca^{2+}, Mg^{2+} , Cl^-, SO_4^{2-}, F^-, HCO_3^-. Auk þess er kísill (SiO_2) aðalefni í ferskvatni en hann er óhlaðinn í vatni og styrkur kísils hefur því ekki áhrif á leiðni vatnsins. Auk þessara aðaljóna eru aðrar jónir en þær eru í mun minna magni (~1% af heildarmagni jóna) og hafa því lítil áhrif á leiðni í vatni. Þannig að þrátt fyrir að næringarefni myndi jónir, er ekki beint samband á milli styrks þeirra í náttúrulegu ferskvatni á Íslandi og leiðni vatnsins.

Basavirkni er gefin upp sem milli„equivalent“ í lítra (meq/l) sem er eining sem endurspeglar efnahleðslu (Tafla 2). Ræðst basavirkni í vatni að mestu leyti af magni uppleysts ólífræns kolefnis við hlutlaust pH og við pH 9–10 stafar basavirkni einnig af klofinni kísilsýru ($H_3SiO_4^-$), og er þannig óbein mæling á hve mikil efnaskipti hafa orðið á milli vatns og bergs. Basavirkni er einnig mælikvarði á það hve mikla sýringu þarf til að brjóta niður „búffer“ eiginleika vatnsins. Kolefni í andrúmslofti leysist upp í yfirborðsvatni og myndar anjónina bíkarbónat (HCO_3^-). Kolefni getur einnig borist í grunnvatn frá jarðhitasvæðum. Bíkarbónat er sú anjón sem er oftast í mestum styrk í fersku yfirborðsvatni á Íslandi. Basavirkni vatns í sýnum sem safnað var úr vatni í Mývatnssveit var frá 0,7 upp í 2,3 meq/l sem er hátt miðað við lindarvatn á Þingvallasvæðinu (0,28 og 0,39 meq/l Í Vellankötlu og Silfru) (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2018a) og í Grenlæk (0,6 meq/l) (Sigurður Reynir Gíslason o.fl. 2007). Basavirkni í útfallinu við Geirastaðaskurði var einnig há, 1,28 meq/l, og svipað og hún var á sama árstíma þegar efnarannsókn var gerð í Mývatni og Laxá á árunum 1999–2001 (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2018b). Háa basavirkni í vatnssýnunum má skýra með miklum efnahvörfum á milli vatns og bergs á svæðinu, þar sem berggerðin sem vatnið rennur um er basísk og bergið er ungt og gropið, auk þess sem jarðhitakerfi í grenndinni hefur áhrif á hluta þess grunnvatns sem rennur í Mývatn.

Tafla 1. Staðsetningar sýnatökustöðva í Mývatnssveit í september 2017. – *Sampling locations in Lake Mývatn catchment in September 2017.*

Sýni nr.	Staðsetning	°N	°V	Dagsetning	Vatnshiti °C
20170902-13:30	Skútustaðir kranavatn	65,56532	17,02847	2.9.2017	14,0
20170902-14:55	Gænavatn, lind	65,54108	16,99842	2.9.2017	6,7
20170902-15:30	Grænavatn, lind	65,53695	17,00805	2.9.2017	4,7
20170902-16:30	Höfði, lind	65,57983	16,95162	2.9.2017	6,8
20170902-17:00	Grjótavogur	65,56288	16,94385	2.9.2017	6,0
20170902-17:35	Geiteyjarströnd	65,59533	16,93365	2.9.2017	7,2
20170902-18:30	Kálfstjörn	65,62783	16,92033	2.9.2017	23,8
20170903-09:40	Mývatn v. Dauðanes	65,62067	16,94862	3.9.2017	11,6
20170903-10:15	Skipalækur	65,57212	17,01938	3.9.2017	11,0
20170903-10:30	Grænilækur	65,56477	16,99247	3.9.2017	10,3
20170903-13:20	Geirastaðaskurður	65,59863	17,10258	3.9.2017	12,2
20170903-14:40	Sandvatn	65,63508	17,12098	3.9.2017	12,5
20170903-15:50	Grímsstaðir, lind	65,65372	16,96370	3.9.2017	7,5
20170903-16:30	Skútahraun 1, Mývatnssveit	65,64223	16,90177	3.9.2017	8,9
20170903-18:00	Hellir Geirastaðir	65,61627	17,08478	3.9.2017	4,9
20170904-12:00	Þverrauf	65,56472	16,87915	4.9.2017	7,6
20170904-13:45	Helgagjá	65,57903	16,87278	4.9.2017	8,1
20170905-11:15	Svartárvatn útfall v. Svartárkot	65,34158	17,24588	5.9.2017	
20170905-11:30	Svartárvatn, lind	65,33588	17,23210	5.9.2017	4,0
20170905-14:00	Kráká, lind	65,33377	17,05725	5.9.2017	5,3
20170906-09:00	Reykjahlíð, lind	65,64200	16,91493	6.9.2017	
20170906-10:00	Norðurvogar	65,57653	16,95050	6.9.2017	7,4
20170906-10:20	Kílklettar	65,55957	16,95298	6.9.2017	2,8
20170906-10:40	Brunnar, Grænavatn	65,54842	16,98192	6.9.2017	7,0
20170906-19:30	Víkurnes	65,61900	16,91943	6.9.2017	

Tafla 2. Niðurstöður mælinga og efnagreininga á aðalefnum og snefilefnum í sýnum frá 2.–5. september 2017 í Mývatnssveit. – *Results of measurements and determination of chemical composition of major and trace elements in samples collected in Lake Mývatn catchment in September 2017.*

Sýnanr.		20170902-13:30	20170902-14:55	20170902-15:30	20170902-16:30	20170902-17:00	20170902-17:35	20170902-18:30	20170903-09:40	20170903-10:15	20170903-10:30	20170903-13:20	20170903-14:40	20170903-15:50	20170903-16:30	20170903-18:00	20170904-12:00	20170904-13:45	20170905-11:30	20170905-14:00	
Vatnsfall		Skútustaðir kranavatn	Gænavatn, lind	Grænavatn, lind	Höfði, lind	Grjótavogur	Geiteyjar-strönd	Kálfstjörn	Mývatn v. Dauðanes	Skipalækur	Grænilækur	Geirastaða-skurður	Sandvatn	Grímsstaðir, lind	Skútahraun 1, Mývatnssveit	Hellir Geirastaðir	Þverrauf	Helgagjá	Svartárvatn, lind	Kráká, lind	Greiningamörk
Dags		2.9.2017	2.9.2017	2.9.2017	2.9.2017	2.9.2017	2.9.2017	2.9.2017	3.9.2017	3.9.2017	3.9.2017	3.9.2017	3.9.2017	3.9.2017	3.9.2017	3.9.2017	4.9.2017	4.9.2017	5.9.2017	5.9.2017	
Vatnshiti	°C	14,0	6,7	4,7	6,8	6,0	7,2	23,8	11,6	11,0	10,3	12,2	12,5	7,5	8,9	4,9	7,6	8,1	4,0	5,3	
pH		7,08	9,02	9,03	9,02	9,25	8,93	8,08	9,00	7,92	8,45	9,51	9,12	7,83	7,36	7,09	8,69	8,60	8,77	8,43	
Leiðni	µS/cm	154	115	94	135	101	136	399	272	136	106	146	76,7	108	114	95,3					
TDS*	mg/l	174	129	104	149	115	150	364	220	145	122	141	70	123	128	106	161	178	90	106	
SiO_2	µmól/l	374	311	303	360	325	367	1171	354	144	242	128	5	456	463	327	370	367	313	349	1
Na	µmól/l	644	905	674	1022	857	1009	2157	1457	705	874	1044	522	461	377	613	909	966	548	683	4,3
K	µmól/l	24,5	36,1	24,2	38,4	22,8	37,3	121,0	76,0	30,7	35,8	40,9	21,0	48,1	29,4	24,7	44,5	49,6	19,3	26,3	10,2
Ca	µmól/l	347	139	135	198	122	200	629	352	277	164	210	130	187	257	161	269	304	107	124	2,5
Mg	µmól/l	325	130	92	152	72	153	235	245	267	152	163	70	207	229	101	222	266	88	95	3,7
Basavirkni	meq/l	1,83	1,15	0,906	1,15	1,01	1,16	2,27	1,68	1,61	1,09	1,29	0,743	1,03	1,12	0,910	1,15	1,44	0,728	0,843	0,08
DIC		1829	1138	892	1132	987	1149	2254	1658	1610	1090	1266	743	1030	1122	910	1140	1436	720	839	
SO_4	µmól/l	5,5	92,4	59,2	202,4	72,0	198,3	674,9	373,4	8,9	80,1	161,0	10,9	39,0	43,8	24,6	294,9	227,9	71,9	86,0	10
Cl	µmól/l	107	63,5	68,2	88,0	57,3	89,0	233	189	108	62,5	101	130	134	91,2	146	103	131	40,9	64,6	28
F	µmól/l	10,2	13,0	10,7	14,6	10,1	13,8	14,6	13,6	11,5	11,8	12,4	7,7	6,7	4,7	7,1	13,3	11,5	8,0	11,8	1
Hleðslujafnv	%	1,4	2,2	2,2	3,0	1,8	2,6	1,8	1,8	2,1	7,5	3,0	2,2	1,8	2,7	2,2	2,1	2,7	2,0	2,5	
Al	µmól/l	0,076	0,600	0,500	0,434	0,682	0,415	0,752	0,137	0,077	0,404	0,259	2,613	0,117	0,073	0,216	0,301	0,305	0,452	0,374	0,007
Fe	µmól/l	0,118	0,034	0,020	0,019	0,021	0,018	0,025	0,399	3,939	2,489	0,324	0,981	0,294	0,034	0,041	0,025	0,028	0,021	0,021	0,007
B	µmól/l	1,21	1,85	1,41	2,26	1,13	2,47	9,07	6,23	1,22	1,75	2,67	0,61	1,01	0,34	0,51	2,35	3,78	1,08	1,88	
Mn	µmól/l	0,046	0,001	<0,0005	<0,0005	<0,0005	<0,0005	0,001	0,017	0,228	0,124	0,015	0,027	0,015	0,008	0,006	0,003	0,003	0,001	0,002	5E-04
Sr	µmól/l	0,237	0,070	0,070	0,090	0,046	0,087	0,346	0,202	0,204	0,088	0,106	0,073	0,104	0,118	0,081	0,123	0,145	0,059	0,066	0,02
As	nmól/l	<0,66	2,12	1,78	2,44	2,71	2,91	2,83	1,95	<0,66	1,68	2,12	1,56	2,74	<0,66	1,47	2,16	1,99	1,90	1,76	0,67
Ba	nmól/l	1,86	0,757	0,550	1,08	0,823	0,801	11,1	5,70	2,47	1,17	1,18	0,808	1,81	3,07	0,852	1,43	2,20	0,389	0,343	0,07
Cd	nmól/l	6,79	0,117	0,032	0,023	<0,018	0,027	0,061	0,182	0,666	0,367	0,187	0,020	0,048	0,374	0,046	0,031	0,035	<0,018	<0,018	0,02
Co	nmól/l	0,655	0,138	0,204	0,143	0,192	0,122	0,170	0,590	0,667	0,482	0,643	1,432	4,819	4,310	3,954	3,020	2,291	1,643	1,537	0,08
Cr	nmól/l	3,31	20,8	30,2	26,9	44,4	27,7	13,9	7,6	3,0	17,7	13,7	5,1	10,7	10,0	75,2	20,2	32,9	10,0	10,9	0,19
Cu	nmól/l	31,5	4,53	8,50	8,14	3,79	8,18	9,90	8,32	7,52	7,44	7,33	6,53	7,22	12,48	17,78	10,28	22,82	5,51	3,34	1,57
Ni	nmól/l	16,2	12,8	13,4	13,2	13,9	15,0	12,9	15,3	16,3	14,0	14,6	13,9	13,8	17,9	17,7	15,1	17,2	15,96	15,62	0,85
Pb	nmól/l	2,18	0,205	0,120	0,130	0,106	0,125	0,377	0,261	0,594	0,254	0,160	0,086	0,128	0,306	0,130	0,137	0,141	0,092	0,093	0,09
Zn	nmól/l	3884	1210	1100	1150	1184	1219	1217	1274	1292	1249	1282	1231	1165	1395	1256	1318	1315	1292	1312	3,06
Hg	nmól/l	<0,01	<0,01	<0,01	<0,01	<0,01	<0,01	<0,01	<0,01	<0,01	<0,01	<0,01	<0,01	<0,01	<0,01	<0,01	<0,01	<0,01	<0,01	<0,01	0,01
Mo	nmól/l	1,48	11,99	8,72	11,78	6,31	11,36	10,09	9,19	3,59	10,31	7,74	3,14	6,71	2,48	3,39	9,18	9,36	6,01	11,26	0,5
Ti	nmól/l	1,66	0,93	0,37	1,08	0,39	<0,02	<0,02	8,73	1,37	2,67	6,83	8,17	0,80	0,94	0,32	1,79	0,60	0,58	0,30	
V	µmól/l	0,059	1,09	1,16	1,03	1,41	1,05	0,516	0,326	0,028	0,832	0,685	0,406	0,501	0,196	0,701	1,02	0,879	1,36	1,19	0,0001

TDS* Heildarstyrkur uppleystra efna

DIC = heildarstyrkur ólífræns kolefnis (e. *dissolved inorganic carbon*)

Hleðslujafnv = hleðslujafnvægi



3. mynd. Vatnshiti (A), heildarmagn uppleystra efna í vatni (B) og rafleiðni vatns (C) á Mývatnssvæðinu. Nyrsti punkturinn er skiljustöðin í Kröflu en syðstu tveir punktarnir eru upptök Krákár og Svartárvatn. Heildarstyrkur uppleystra aðalefna (TDS) og leiðni hækkar með vaxandi vatnshita. Volgu lindirnar renna í Ytriflóa og þar af leiðandi er heildarstyrkur aðalefna í innrennsli þar hærri en í lindum sem renna til Syðriflóa. Hluti gagnanna sem sýndur er á myndunum er úr skýrslu ÍSOR (Sigurður G. Kristinsson o.fl. 2017). – *Water temperature (A), total dissolved solids (B) and conductivity (C) in water samples collected from Lake Mývatn catchment.*

Heildarstyrkur uppleystra efna og leiðni vex með hækkandi hitastigi vatnsins (3. mynd). Volgu lindirnar sem renna í Ytriflóa hafa þar af leiðandi hærri styrk aðalefna og leiðni en köldu lindirnar sem renna í Syðriflóa. Styrkur allra aðalefna nema Ca vex með auknum vatnshita. Eins vex styrkur snefilefnanna B, Sr, og Ba með auknum vatnshita. Styrkur annarra snefilefna er óháður hitastigi.

Þungahlutfall brennisteins (S) var hátt í mörgum sýnunum úr Mývatnssveit (allt að 12% af heildarmagni efnanna). Það var þó aðeins 1–2% af heildarmagni uppleystra efna í Sandvatni, Helli við Geirastaði, lind við Grímsstaði og í Skútahrauni 1 í Reykjahlíð og vart greinanlegt í sýnum frá Skútustöðum og í Skipalæk (4. mynd). Skipalækur og Skútustaðir eru á svipuðum stað, sunnan við Mývatn, en Sandvatn, hellirinn við Geirastaði og lind við Grímsstaði eru vestan og norðan Mývatns, fjarri helstu innstreymislindum í Mývatn sem eru austan við vatnið (Vatnaskil 2008; 1. mynd).



4. mynd. Þungahlutföll aðalefna (mg/l) í lindavatnssýnum frá Mývatnssveit sem safnað var 2.–5. september 2017. Til samanburðar er sýnt þungahlutfall uppleystra aðalefna í sýnum frá Vellankötlu og Silfru (meðaltal) og Grenlæk. Efnin eru sýnd sem frumefni en ekki sem efnasambönd. – *Major element ratio in samples from Lake Mývatn catchment. Results from Lake Thingvallavatn and River Grenlækur are shown for comparison.*



5. mynd. Landfræðileg dreifing á þungahlutföllum aðalefna (mg/l) í lindavatnssýnum frá Mývatnssveit sem safnað var 2.–5. september 2017. Hlutföll efna austan við Mývatn voru svipuð og ólík vatni sunnan-, norðan-, og norðaustan við vatnið. Það sem er helst áberandi er hve hlutur brennisteins í vatni sem rennur í austanvert Mývatn er mikill en lítið er af brennisteini í sýnum sem safnað var annarsstaðar. Kísill (Si), natríum (Na) og uppleyst ólífrænt kolefni (DIC) var í mestu magni í öllum sýnunum. – *Spatial distribution of major element ratio in water samples collected in Lake Mývatn catchment.*

3.2 Næringarefni

Styrkur næringarefna í Mývatni er mikill og stendur undir mikilli þörungaframleiðslu í vatninu. Sú framleiðsla er undirstaða fyrir síðframleiðendur m.a. flugur, fugla og fiska og er vatnið þekkt fyrir magn þeirra og mikla fjölbreytni. Eftir árið 1970 hefur hinsvegar orðið vart við miklar sveiflur í fæðuframboði fyrir fugla og fiska í vatninu og hefur lífríki Mývatns farið í gegnum djúpar niðursveiflur (Árni Einarsson o.fl. 2004; Samstarfshópur um Mývatnsrannsóknir 2016). Sveiflurnar, sem drifnar eru áfram af breytingum á fæðuvef vatnsins, virðast náttúrulegar í eðli sínu en hafa magnast upp í kring um 1970 (Bengtson 1971). Í grein í Náttúrufræðingnum (2010) fjallar Árni Einarsson á greinargóðan hátt um rannsóknir á fæðuvef Mývatns og um áhrif breytinga á honum fyrir lífríkið.

Eitt af því sem einkennir lífríkissveiflur í Mývatni eru að það koma til skiptis tímabil þar sem þéttleiki rykmýs er mjög mikill og tímabil með miklum blábakteríublóma (leirlos). Blábakteríublómar einkenna vötn sem eru hlutfallslega rík af næringarefninu fosfór (P) miðað við köfnunarefni (N), annaðhvort af náttúrulegum orsökum eða vegna lífrænnar mengunar. Blábakteríur eru náttúrulegar í Mývatni, enda er vatnið fosfórríkt frá náttúrunnar hendi þar sem grunnvatnið sem þar streymir fram hefur áður runnið af stóru vatnasviði sem er hulið nýlegu, gropnu og auðleystu basalti sem er ríkt af fosfór, en fosfór-ríka steindin apatít er algeng í basalti sem gæti skýrt þennan háa fosfórstyrk í grunnvatninu. Næringarefni eru nauðsynleg frumframleiðandi lífverum, s.s. blábakteríum og þörungum og eru þau tekin upp í ákveðnum hlutföllum. Hlutfall P:N í þörungum er 1:16 mól. Það þýðir að það þarf 1 mól af fosfór á móti 16 mólum af köfnunarefni (Redfield 1958). Víða í Evrópu er fosfór takmarkandi fyrir frumframleiðandi lífverur en það gildir ekki á Íslandi þar sem fosfór er víða í hlutfallslega háum styrk miðað við köfnunarefni.

Styrkur næringarefna í sýnum sem safnað var í þessari rannsókn (töflur 3 og 4) og í rannsókn ÍSOR á sama tíma (Sigurður G. Kristinsson o.fl. 2017) var breytilegur á milli sýnatökustaða og ekki háður hitastigi. Hér verður fjallað um niðurstöður beggja rannsókna og ekki gerður greinarmunur á uppruna gagnanna þar sem þau eru sambærileg hvað varðar aðferðir við söfnun og mælingu. Styrkur næringarefna er gefinn upp í µmól/l í töflu 3 og sem µg frumefnis í lítra vatns (µg/l) í töflu 4.

Styrkur næringarefnanna fosfats (PO_4), nítrats (NO_3), P-total og N-total var langhæstur í lindinni við Bjarg, 3,87 og 71,4 µmól/l (Sigurður G. Kristinsson o.fl. 2017). Þar var styrkur P-total þrisvar sinnum hærri og styrkur N-total var 15 sinnum hærri en meðalstyrkur efnanna í hinum sýnatökustöðunum. Almennt samanstendur heildarstyrkur P (P-total) og N (N-total) í vatni af lífrænum og ólífrænum efnasamböndum en í lindinni við Bjarg var stærstur hluti P-total og N-total á formi ólífrænu efnasambandanna PO_4 og NO_3 og nær ekkert var á lífrænu formi.

Í öðrum sýnum var styrkur NO_3 frá greiningarmörkum (0,07 µmól/l) til 4 µmól/l og styrkur PO_4 var frá 0,13 til 2 µmól/l. Niðurstöður mælinga á næringarefnum úr sýni sem safnað var í útfalli Mývatns við Geirastaði eru mjög sambærilegar við sýni sem safnað var í september 2000 (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2018b). Styrkur nítrats var hærri í lindum sem renna í Ytriflóa en í þeim sem renna til Syðriflóa (6. mynd). Styrkur fosfórs var hins vegar hæstur í lindunum sem renna í Syðriflóa, ef sýnið frá Bjargi er undanskilið, en það var með hæstan styrk fosfórs af öllum sýnunum. Styrkur ammóníums og nítríts var yfirleitt lágur.

Tafla 3. Styrkur næringarefna (µmól/l) í sýnum sem safnað var 2.–7. september 2017 í Mývatnssveit. Gögn frá ÍSOR eru með annarskonar merkingu á sýnanúmerum (Garðslind og þar neðan). Gögnin eru einnig birt í skýrslu ÍSOR (Siguður G. Kristinsson 2017). Greiningarmörk (LOD) eru gefin upp. – *Concentration of nutrients in samples from Lake Mývatn catchment.*

			ICP		Autoanalyser						
sýnanúmer	**Vatnsfall**	**Dags**	**P-total**	**P-total**	**PO_4**	**N-total**	**NO_3**	**NO_2**	**NH_4**	**DOP**	**DON**
			µmól/l	**µmól/l**	**µmól/l**	**µmól/l**	**µmól/l**	**µmól/l**	**µmól/l**	**µmól/l**	**µmól/l**
20170902-13:30	Skútustaðir kranavatn	2.9.2017	0,19	0,355	0,161	6,64	1,07	0,041	0,107	0,027	5,42
20170902-14:55	Gænavatn, lind	2.9.2017	2,18	2,07	1,90	3,93	0,93	<0,04	0,214	0,278	2,74
20170902-15:30	Grænavatn, lind	2.9.2017	1,94	1,94	1,87	4,43	1,29	<0,04	<0,2	0,071	2,90
20170902-16:30	Höfði, lind	2.9.2017	1,90	2,00	1,71	7,14	1,21	<0,04	0,286	0,187	5,60
20170902-17:00	Grjótavogur	2.9.2017	2,17	2,10	1,90	4,50	1,21	<0,04	<0,2	0,262	3,04
20170902-17:35	Geiteyjarströnd	2.9.2017	1,93	1,84	1,65	4,36	1,14	<0,04	<0,2	0,281	2,97
20170902-18:30	Kálfstjörn	2.9.2017	1,07	1,07	0,872	8,14	3,43	<0,04	0,571	0,197	4,10
20170903-09:40	Mývatn v. Dauðanes	3.9.2017	0,16	0,226	0,065	6,78	<0,07	<0,04	0,286	0,099	6,39
20170903-10:15	Skipalækur	3.9.2017	0,16	0,129	0,032	9,28	0,14	<0,04	<0,2	0,125	8,90
20170903-10:30	Grænilækur	3.9.2017	0,98	0,839	0,807	5,57	<0,07	<0,04	<0,2	0,178	5,26
20170903-13:20	Geirastaðaskurður	3.9.2017	0,52	0,775	0,129	7,85	<0,07	<0,04	<0,2	0,391	7,54
20170903-14:40	Sandvatn	3.9.2017	0,27	0,291	0,097	12,1	<0,07	<0,04	0,214	0,172	11,8
20170903-15:50	Grímsstaðir, lind	3.9.2017	1,50	1,52	1,52	1,43	1,64	<0,04	<0,2	0,000	0
20170903-16:30	Skútahraun 1, Mývatnssveit	3.9.2017	1,90	1,81	1,74	2,86	1,86	<0,04	<0,2	0,152	0,76
20170903-18:00	Hellir Geirastaðir	3.9.2017	1,42	1,36	1,39	2,71	1,00	<0,04	<0,2	0,032	1,47
20170904-12:00	Þverrauf	4.9.2017	1,90	1,71	1,55	2,43	1,93	0,040	<0,2	0,349	0,26
20170904-13:45	Helgagjá	4.9.2017	1,85	1,78	1,58	3,36	1,78	<0,04	0,286	0,265	1,25
20170905-11:15	Svartárvatn útfall v. Svartárkot	5.9.2017		0,807	0,710	5,78	0,08	0,041	<0,21	0,000	5,45
20170905-11:30	Svartárvatn, lind	5.9.2017	2,09	2,16	2,03	6,57	0,63	<0,04	<0,2	0,052	5,70
20170905-14:00	Kráká, lind	5.9.2017	2,36	2,26	2,13	4,43	0,71	<0,04	<0,2	0,226	3,47
20170906-09:00	Reykjahlíð. Lind	6.9.2017		1,78	1,58	1,43	1,50	<0,04	<0,2	0	0
20170906-10:00	Norðurvogar	6.9.2017		2,07	1,94	4,85	1,21	<0,04	<0,2	0	3,40
20170906-10:20	Kílklettar	6.9.2017		1,39	1,16	4,50	2,71	<0,04	<0,2	0	1,54
20170906-10:40	Brunnar, Grænavatn	6.9.2017		2,32	1,97	0,93	0,71	0,178	<0,2	0	0
20170906-19:30	Víkurnes	6.9.2017		2,23	1,97	1,86	1,07	<0,04	<0,2	0	0,55
20170217	Garðslind	3.9.2017		1,94	1,74	4,14	1,43	<0,04	<0,2	0,194	2,47
20170218	Vogaflói	3.9.2017		2,00	1,90	2,50	0,79	0,043	<0,2	0,097	1,47
20170219	Hverfjallsgjá	3.9.2017		1,81	1,71	4,50	1,14	<0,04	<0,2	0,097	3,12
20170220	LUD-5	4.9.2017		2,00	1,94	4,86	1,50	<0,04	<0,2	0,065	3,12
20170221	Bjarg	4.9.2017		4,19	3,87	71,43	69,29	0,043	0,214	0,323	1,89
20170222	Helgavogur	4.9.2017		1,16	1,10	12,14	4,21	<0,04	<0,2	0,064	7,69
20170223	LUD-4	4.9.2017		1,52	1,48	6,00	1,71	0,093	<0,2	0,032	3,99
20170224	LUD-3	4.9.2017		1,94	1,81	4,70	1,36	0,036	<0,2	0,129	3,11
20170225	Stóragjá	4.9.2017		1,10	1,03	12,86	3,71	<0,04	<0,2	0,064	8,91
20170232	Langivogur	7.9.2017		1,00	1,00	4,85	2,21	<0,04	<0,2	0	2,40
20170233	Grjótagjá	7.9.2017		0,71	0,68	4,07	<0,07	<0,04	3,00	0,032	0,99
20170234	LUD-11	6.9.2017		0,81	0,52	1,86	0,45	0,057	<0,2	0	1,15
20170235	Vogagjá	6.9.2017		0,71	0,71	3,79	1,21	<0,04	<0,2	0	2,33
20170236	LUD-6	6.9.2017		1,06	1,03	1,21	0,08	<0,04	<0,2	0,032	0,90
20170237	LUD-2	6.9.2017		1,74	1,74	6,93	1,00	<0,04	<0,2	0	5,69
20170238	Skiljustöð	6.9.2017		0,35	0,84	1,57	<0,07	<0,04	0,214	0	1,28
20170239	AB-2	7.9.2017		2,13	2,10	8,57	2,43	0,086	<0,2	0,032	5,86
20170240	Hlíðardalslækur	7.9.2017		0,77	0,74	2,00	<0,07	<0,04	<0,2	0,032	1,72
20170241	AE-10	7.9.2017		0,23	0,13	2,36	<0,07	<0,04	1,357	0	0,92
20170242	Bjarnarflagslón	7.9.2017		0,48	0,55	2,29	<0,07	<0,04	<0,2	0	2,01
Greiningarmörk (LOD)			0,03	0,1	0,03	0,7	0,07	0,04	0,2		

Tafla 4. Styrkur næringarefna (µg frumefna í líter) í sýnum sem safnað var 2.–7. september 2017 í Mývatnssveit. Gögn frá ÍSOR eru með annarskonar merkingu á sýnanúmerum (Garðslind og niður). Gögn frá ÍSOR eru einnig birt í skýrslu Ísor (Siguður G. Kristinsson 2017). Greiningarmörk (LOD) eru gefin upp. – *Concentration of nutrients in samples from Lake Mývatn catchment.*

			ICP		Autoanalyser						
sýnanúmer	**Vatnsfall**	**Dags**	**P-total**	**P-total**	**PO_4-P**	**N-total**	**NO_3-N**	**NO_2-N**	**NH_4-N**	**DOP**	**DON**
			µg/l	**µg/l**	**µg/l**	**µg/l**	**µg/l**	**µg/l**	**µg/l**	**µg/l**	**µg/l**
20170902-13:30	Skútustaðir kranavatn	2.9.2017	5,84	11,0	5,00	93,0	15,0	0,6	1,5	0,84	75,9
20170902-14:55	Gænavatn, lind	2.9.2017	67,7	64,1	59,0	55,0	13,0	<0,6	3,0	8,61	38,4
20170902-15:30	Grænavatn, lind	2.9.2017	60,3	60,1	58,0	62,0	18,0	<0,6	<2,8	2,20	40,6
20170902-16:30	Höfði, lind	2.9.2017	58,8	62,1	53,0	100,0	17,0	<0,6	4,0	5,80	78,4
20170902-17:00	Grjótavogur	2.9.2017	67,2	65,1	59,0	63,0	17,0	<0,6	<2,8	8,11	42,6
20170902-17:35	Geiteyjarströnd	2.9.2017	59,8	57,0	51,0	61,0	16,0	<0,6	<2,8	8,71	41,6
20170902-18:30	Kálfstjörn	2.9.2017	33,1	33,0	27,0	114	48	<0,6	8	6,11	57,4
20170903-09:40	Mývatn v. Dauðanes	3.9.2017	5,06	7,01	2,00	95,0	<1,0	<0,6	4,0	3,06	89,4
20170903-10:15	Skipalækur	3.9.2017	4,88	4,00	1,00	130	2	<0,6	<2,8	3,88	124,6
20170903-10:30	Grænilækur	3.9.2017	30,5	26,0	25,0	78,0	<1,0	<0,6	<2,8	5,50	73,6
20170903-13:20	Geirastaðaskurður	3.9.2017	16,1	24,0	4,00	110	<1,0	<0,6	<2,8	12,11	106
20170903-14:40	Sandvatn	3.9.2017	8,34	9,01	3,00	170	<1,0	<0,6	3	5,33	165
20170903-15:50	Grímsstaðir, lind	3.9.2017	46,4	47,0	47,0	20,0	23,0	<0,6	<2,8	0	0
20170903-16:30	Skútahraun 1, Mývatnssveit	3.9.2017	58,7	56,0	54,0	40,0	26,0	<0,6	<2,8	4,70	10,6
20170903-18:00	Hellir Geirastaðir	3.9.2017	44,0	42,0	43,0	38,0	14,0	<0,6	<2,8	1,00	20,6
20170904-12:00	Þverrauf	4.9.2017	58,8	53,0	48,0	34,0	27,0	0,6	<2,8	10,8	3,6
20170904-13:45	Helgagjá	4.9.2017	57,2	55,0	49,0	47,0	25,0	<0,6	4,0	8,21	17,4
20170905-11:15	Svartárvatn útfall v. Svartárkot	5.9.2017		25,0	22,0	81,0	1,1	0,6	<2,8	0	76,3
20170905-11:30	Svartárvatn, lind	5.9.2017	64,7	67,1	63,1	92,0	8,8	<0,6	<2,8	1,60	79,9
20170905-14:00	Kráká, lind	5.9.2017	73,1	70,1	66,1	62,0	10,0	<0,6	<2,8	7,01	48,6
20170906-09:00	Reykjahlíð. Lind	6.9.2017		55,0	49,0	20,0	21,0	<0,6	<2,8	0	0
20170906-10:00	Norðurvogar	6.9.2017		64,1	60,1	68,0	17,0	<0,6	<2,8	0	47,6
20170906-10:20	Kílklettar	6.9.2017		43,0	36,0	63,0	38,0	<0,6	<2,8	0	21,6
20170906-10:40	Brunnar, Grænavatn	6.9.2017		72,1	61,1	13,0	10,0	2,5	<2,8	0	0
20170906-19:30	Víkurnes	6.9.2017		69,1	61,1	26,0	15,0	<0,6	<2,8	0	7,6
20170217	Garðslind	3.9.2017		60,0	54,0	58,0	20	<0,6	<2,8	6,0	34,6
20170218	Vogaflói	3.9.2017		62,0	59,0	35,0	11	0,6	<2,8	3,0	20,6
20170219	Hverfjallsgjá	3.9.2017		56,0	53,0	63,0	16	<0,6	<2,8	3,0	43,6
20170220	LUD-5	4.9.2017		62,0	60,0	68,0	21	<0,6	<2,8	2,0	43,7
20170221	Bjarg	4.9.2017		130,0	120,0	1000	970	0,6	3	10,0	26,4
20170222	Helgavogur	4.9.2017		36,0	34,0	170	59	<0,6	<2,8	2,0	108
20170223	LUD-4	4.9.2017		47,0	46,0	84,0	24	1,3	<2,8	1,0	55,9
20170224	LUD-3	4.9.2017		60,0	56,0	65,8	19	0,5	<2,8	4,0	43,5
20170225	Stóragjá	4.9.2017		34,0	32,0	180	52	<0,6	<2,8	2,0	125
20170232	Langivogur	7.9.2017		31,0	31,0	67,9	31	<0,6	<2,8	9,0	33,5
20170233	Grjótagjá	7.9.2017		22,0	21,0	57,0	<1	<0,6	42	1,0	13,9
20170234	LUD-11	6.9.2017		25,0	16,0	26,0	6,3	0,8	<2,8	9,0	16,1
20170235	Vogagjá	6.9.2017		22,0	22,0	53,0	17	<0,6	<2,8	9,0	32,6
20170236	LUD-6	6.9.2017		33,0	32,0	17,0	1,1	<0,6	<2,8	1,0	12,5
20170237	LUD-2	6.9.2017		54,0	54,0	97,0	14	<0,6	<2,8	9,0	79,6
20170238	Skiljustöð	6.9.2017		11,0	26,0	22,0	<1	<0,6	3	9,0	17,9
20170239	AB-2	7.9.2017		66,0	65,0	120	34	1,2	<2,8	1,0	82,0
20170240	Hlíðardalslækur	7.9.2017		24,0	23,0	28,0	<1	<0,6	<2,8	1,0	24,1
20170241	AE-10	7.9.2017		7,0	4,0	33,0	<1	<0,6	19	3,0	12,9
20170242	Bjarnarflagslón	7.9.2017		15,0	17,0	32,0	<1	<0,6	<2,8	0,0	28,1
Greiningarmörk (LOD)			1,0	3,0	1,0	10,0	1,0	0,5	2,8		

Nítrat (NO_3) **Fosfat (PO_4)** **Nítrít (NO_2)** **Ammóníum (NH_4)**



6. mynd. Styrkur næringarefna (µmól/l) í lindum og borholum í grennd við Mývatn. Hluti gagnanna sem sýndur er á myndunum er úr skýrslu ÍSOR (Sigurður G. Kristinsson o.fl. 2017). Nítrat er í mestum styrk í lindum sem renna í Ytri flóa en fosfat er í mestum styrk í lindum sem renna í Syðriflóa. – *Spatial distribution of nutrient concentration in Lake Mývatn catchment.*

Heildarstyrkur næringarefnanna N og P (N-total og P-total) í lindinni við Bjarg bendir til mengunar vatns í lindinni og fellur styrkur efnanna í flokka C og D í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns (nokkuð og verulega snortið vatn). Séu breytingar á styrk nítrats (NO_3), fosfats (PO_4) og heildarmagn fosfórs (P-total) skoðaðar frá 1973 til 2018 (7. mynd) má sjá að styrkur þeirra hefur verið nokkuð óreglulegur við Bjarg, en þó alltaf hár frá því fyrsta sýninu var safnað (Jón Ólafsson 1991; Hrefna Kristmannsdóttir og Halldór Ármannsson 2006; RAMÝ óbirt gögn; Gagnagrunnur ÍSOR; Sigurður G. Kristinsson o.fl. 2017).



7. mynd. Styrkur næringarefna í lind við Bjarg frá 1973 til 2018. Gögn frá 1973–1989 eru frá Jóni Ólafssyni (1979 og 1991), gögn frá 1999 eru frá Hrefnu Kristmannsdóttir og Halldóri Ármannssyni (2006). Yngri gögn eru frá Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn (2017–2018) auk gagna frá ÍSOR (Sigurður G. Kristinsson o.fl. 2017; P-total úr gagnagrunni ÍSOR). – *Nutrient concentration in a spring at Bjarg from 1973 to 2018. The data are from different sources.*

Heildarstyrkur köfnunarefnis (N-total) í öðrum sýnum sem safnað var í september 2017 fellur í flokk A, ósnortið vatn skv. reglugerð 796/1999. Hins vegar er heildarstyrkur fosfórs (P-total) í lindum á þessu svæði óvenju hár miðað við kalt, ómengað vatn og flest sýnin falla í flokk C skv. reglugerð 796/1999, þrátt fyrir að vera langt frá mögulegum áhrifum af mannavöldum. Það eru helst köldu lindirnar sem eru sérstaklega ríkar af fosfór en þær renna um nýlegt gropið basalthraun (Kristján Sæmundsson 1991) sem er auðleyst og ríkt af fosfór. Styrkur fosfórs er því hlutfallslega hærri en styrkur köfnunarefnis, miðað við þörf ljósstillífandi lífvera. Ljóstillífun frumframleiðenda gengur því fyrr á köfnunarefni í Mývatni sem verður þá takmarkandi fyrir framleiðslu flestra þörunga. Eftir að köfnunarefni þrýtur er nóg eftir af fosfór sem getur nýst þeim frumframleiðendum sem geta bundið köfnunarefni úr andrúmsloftinu s.s. margar tegundir blábaktería og sumar tegundir kísilþörunga. Framleiðni blábaktería sem geta nýtt sér köfnunarefni beint úr umhverfinu eru þar með ekki takmarkaðar af framboði þess í vatninu sjálfu og leiðir mikil fjölgun þeirra því oft til blóma (leirlos) í Mývatni.

Styrkur ammóníums (NH_4) var yfirleitt lágur nema í Grjótagjá og í borholu AE10, og lítilsháttar hærri í Kálfstjörn. Styrkur ammóníums í borholu AE10 og Grjótagjá fellur í flokka B og C í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns (lítið snortið og nokkuð snortið vatn) (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 1999).

Niðurstöður rannsóknarinnar benda ekki til næringarefnamengunar vegna starfsemi Kröfluvirkjunar. Það má m.a. sjá á 6. mynd að styrkur nítrats mældist mun lægri í borholum á leið vatns frá Kröflu, Hlíðardalslæk og Bjarnarflagi en við bakka Mývatns. Og mest kemur af fosfór með lindum sunnan við áhrifasvæði

virkjunarinnar. Í grein Jóns Ólafssonar, í ritinu Náttúra Mývatns (1991), er fjallað um næringarefni í lindavatni í innstreymi Mývatns. Niðurstöður hans voru þær að lindir sem streyma til Ytriflóa séu mengaðar af nítrati af mannavöldum. Því miður er styrkur efnanna ekki birtur í töflum í greininni heldur aðeins í myndum, þannig að erfitt er að lesa nákvæmlega úr þeim. Það er þó ljóst að styrkur nítrats og fosfats hefur ekki lækkað í lindinni við Bjarg frá 1973, en virðist hafa lækkað í Helgavogi og Kálfstjörn samanborið við gögn Jóns Ólafssonar (1991) (7. mynd). Styrkur nítrats og fosfats hefur ekki breyst á sama tíma í lind við Geiteyjarströnd, sem fellur í Syðriflóa (7. mynd).



8. mynd . Breytingar á styrk fosfats (PO_4) og nítrats (NO_3) frá 1972 til 2018. Gögn frá 1972 til 1989 eru frá Jóni Ólafssyni (1979 og 1991) og yngri gögn eru óbirt gögn frá RAMÝ (2017–2018) auk mælinga úr Helgavogi 2017 frá ÍSOR (Sigurður G. Kristinsson o.fl. 2017). – *Changes in PO_4 and NO_3 concentration from 1972 to 2018, in three different springs that feed Lake Mývatn.*

Ekki er gott að segja hver orsökin er fyrir hærri styrk nítrats í lindum sem streyma til Ytriflóa. Jón Ólafsson (1991) bendir á að affallsvatn frá Kísiliðjunni hafi borist í grunnvatn vestan Kísiliðjunnar og þar hafi mælst 2–9 µmól/l P og 70–100 µmól/l N sem er mun meira en mælst hefur í lindavatni á svæðinu. Eins bendir hann á í grein sinni að vaxandi byggð og fjölda ferðamanna fylgi meiri ákoma næringarefna með skolpi.

Lífræn næringarefni er hægt að meta út frá heildarstyrk næringarefnanna að frádregnum styrk ólífrænu næringarefnanna (Jafna 1 fyrir köfnunarefni N). Við bindingu í lífrænan vef myndast lífræn sambönd köfnunarefnis sem losna við niðurbrot. Hraði niðurbrotsins fer eftir hitastigi og örveruvirkni en á endanum brotnar lífræna efnið niður í ólífræn efnasambönd næringarefna.

$$DON = N_{total} - (NO_3 + NO_2 + NH_4) \qquad \text{Jafna 1}$$

Styrkur lífrænna næringarefna er sýndur í töflum 3 og 4 (DOP og DON; e. *dissolved organic phosphorus* og *dissolved organic nitrogen*). Hæsti styrkur uppleysts lífræns köfnunarefnis (DON) var í lindum sem falla í Ytriflóa, en þar var einnig hæsti styrkur NO_3 (Tafla 3). Sýni úr stöðuvötnum sem safnað var í september 2017 einkenndust af lágum styrk NO_3 og háum styrk lífræns N sem skýra má af lífrænni virkni (frumframleiðni) í vötnunum og bindingu ólífræns N í lífræna vefi.

Næringarefni í skolpi eru mest á lífrænu formi sem brotnar niður með tímanum í ólífræn efnasambönd. Rannsókn á áhrifum skolplosunar í Ölfusá sýndi að stærstur hluti köfnunarefnis var á lífrænu formi og því næst á formi ammóníums (NH_4). Stærsti hluti fosfórs var hins vegar á ólífrænu formi (Eydís Salome

Eiríksdóttir o.fl. 2018c). Skolpmengun má þannig sjá t.d. í háum styrk lífræns köfnunarefnis. Í september 2017 var sýni safnað í lind við Höfða, rétt neðan við rotþró úr salerni sem þar er staðsett við bílaplan. Um 370 m sunnan við sýnatökustaðinn við Höfða er annar sýnatökustaðir við Norðurvoga. Styrkur ólífrænna næringarefna var svipaður á báðum þessum sýnatökustöðum en styrkur lífræns köfnunarefnis var 65% hærri í lindinni við Höfða (5,6 µmól/l) en við Norðurvoga (3,4 µmól/l). Það gæti stafað af lífrænu köfnunarefni í frárennsli frá rotþró. Styrkur þess sker sig hins vegar ekki mjög frá því sem er almennt í sýnum á svæðinu.

Athygli vekur að 97% af köfnunarefni í lindinni við Bjarg er á formi ólífræns köfnunarefnis (NO_3), ólíkt því sem hægt væri að búast við ef um frárennsli frá skolpi væri að ræða. Köfnunarefni í frárennsli frá yfirfullri rotþró væri líklega á formi NH_4 eða lífræns köfnunarefnis, sbr. niðurstöður úr Ölfusá, (Eydís Salome Eiríksdóttir o.fl. 2018c) en ekki á formi oxaðs köfnunarefnis eins og raun ber vitni (töflur 3 og 4). Ekki er gott að segja hvað veldur því að styrkur NO_3 er svo hár í lindinni við Bjarg. Óneitanlega kemur upp í hugann að frárennsli frá Kísiliðjunni sem barst í grunnvatnsgeyminn á sínum tíma (Jón Ólafsson 1991) geti hugsanlega verið að hafa áhrif á svæðið ennþá en eins og kom fram í grein Jóns Ólafssonar (1991) mældist heildarstyrkur N 70–100 µmól/l í volgu grunnvatni úr borholum vestan við Kísiliðjuna, sem er mun meiri styrkur en mælist í öðru grunnvatni á svæðinu. Það er þó óljóst hvort það geti enn verið að hafa áhrif á efnasamsetningu linda á bökkum Mývatns svo mörgum árum eftir að Kísiliðjan lokaði.

3.3 Snefilefni

Styrkur snefilefna er óháður vatnshita nema styrkur B, Ba og Sr sem eykst með hækkandi hita. Styrkur margra snefilefna var mjög hár í Skiljustöð Kröfluvirkjunar, Hlíðardalslæk og í Bjarnarflagslóni, sérstaklega styrkur arsens (As) í Bjarnarflagslóni. Ekki er þó að sjá að sá hái efnastyrkur skili sér niður í lindir sem renna í Mývatn. Arsen er í háum styrk í jarðhitavatni og því fylgifiskur jarðhitavinnslu. Fylgst hefur verið með arseni í grunnvatni á Mývatnssvæðinu í mörg ár með það að markmiði að fylgjast með hvort affallsvatn frá Kröfluvirkjun hafi áhrif á Mývatn (t.d. Sigurður G. Kristinsson o.fl. 2017). Arsen í vatni er yfirborðsvirkt efni sem ásogast á yfirborð grannbergsins og situr því eftir þegar grunnvatn streymir um berggrunninn (Bergur Sigfússon o.fl. 2011). Arsen er því ekki gott ferilefni til að fylgjast með rennslisleiðum grunnvatns en arsen er þó það efni sem getur haft neikvæð áhrif á lífríki og er í hlutfallslega mestum styrk í affallsvatni virkjunarinnar. Fjallað er frekar um efnastyrk snefilefna í grunnvatnssýnum í skýrslu ÍSOR (Sigurður G. Kristinsson o.fl. 2017).

Þær niðurstöður á mælingum snefilefna sem komu kannski helst á óvart var hve hár styrkur þungmálma mældist í kranavatni í rannsóknastöðinni á Skútustöðum (í eldhúsi). Styrkur Cd, Cu, Pb, Zn var mun hærri þar en í öðrum sýnum, nema hvað styrkur Cu var aðeins lægri þar en í Bjarnarflagslóni. Styrkur þessara efna var þó aldrei hærri en drykkjarvatns viðmið gera ráð fyrir (WHO 2017). Líklega stafar hár þungmálmastykur í kranavatninu af efnahvörfum vatns við gamlar neysluvatnslagnir í húsinu.

5. Lokaorð

Rannsókn á efnasamsetningu grunnvatns á vatnasviði Mývatns var gerð í september 2017. Tilgangurinn var að rannsaka efnastyrk grunnvatns sem rennur til Mývatns, til að finna náttúrulegt ástand þess og til að athuga hvort eitthvað í efnasamsetningu vatnsins gæti stafað af áhrifum af mannlegum athöfnum.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að heildarstyrkur uppleystra efna í grunnvatni er hár á Mývatnssvæðinu, sérstaklega í volgu grunnvatni sem rennur til Ytriflóa. Hlutföll uppleystra efna er breytilegur eftir því hvaðan grunnvatnsstraumarnir eru ættaðir.

Styrkur köfnunarefnis er hærri í lindum sem renna í Ytriflóa en í Syðriflóa og var hann hærri en í borholum á milli lindarsvæðanna og jarðhitasvæðanna. Það bendir til að köfnunarefni bætist inn rétt ofan við lindirnar í Ytriflóa. Langhæstur mældist styrkur köfnunarefnis í lind við Bjarg og var hann 15 sinnum hærri en meðalstyrkur hans var í öðrum sýnum af svæðinu. Styrkur fosfórs var hærri í lindum sem renna í Syðriflóa, köldu grunnvatni sem streymir um nýlegt gropið basalthraun á vatnasviðinu. Þannig að hlutfallslega kemur meira inn af köfnunarefni í Ytriflóa en í Syðriflóa, miðað við fosfór.

Styrkur fosfórs í grunnvatninu er óvenju hár miðað við ómengað straumvatn á jörðinni og er mun hærri en styrkviðmið ómengaðs ferskvatns í reglugerð um varnir gegn mengun vatns (796/1999). Ástæðan liggur í efnaskiptum vatnsins við nýlegt, hvarfgjarnt basalt sem vatnið streymir um. Þetta veldur því að framleiðsla ljóstillífandi lífvera leiðir til þess að fyrr gengur á köfnunarefni í Mývatni sem verður þá takmarkandi fyrir framleiðsluna. Eftir að köfnunarefni þrýtur er nóg er eftir af fosfór sem getur nýst þeim frumframleiðendum sem geta bundið köfnunarefni úr andrúmsloftinu t.d. margar tegundir blábaktería.

Styrkur næringarefna í lind við Bjarg hefur verið mjög hár í langan tíma. Jón Ólafsson (1979 og 1991) og Hrefna Kristmannsdóttir og Halldór Ármannsson (2006) birtu niðurstöður mælinga á sýnum frá Bjargi og miðað við þær niðurstöður hefur styrkur köfnunarefnis og fosfórs verið hár frá því að fyrstu mælingar á næringarefnum voru gerðar 1973. Niðurstöðurnar eru breytilegar en alltaf mun hærri en í öðrum lindum á svæðinu.

Styrkur næringarefna í lindum sem renna í Ytriflóa (öðrum en við Bjarg) voru hærri en í þeim sem renna í Syðriflóa. Miðað við eldri gögn frá Jóni Ólafssyni (1979; 1991) virðist sem næringarefnastyrkur í Helgavogi og Kálfstjörn hafi lækkað, sérstaklega styrkur nítrats (NO_3). Í ljósi niðurstaðna rannsóknarinnar væri vert að kanna hvort næringarefni séu hugsanlega enn að berast frá hráefnisþró verksmiðjunnar. Sýnasöfnun í svonefndri Kringlu væri liður í því verkefni.

Mikilvægt er að halda áfram með mælingar á grunnvatni og taka reglulega sýni á völdum stöðum til að sjá hvernig styrkur uppleystra efna breytist með tíð og tíma. Einnig er mikilvægt að þekkja hvernig styrkur efna breytist innan árs þar sem grunnvatnsstaða er mismunandi eftir árstíðum og þar með áhrif ólíkra grunnvatnsstrauma á lindirnar.

6. Þakkir

Árni Einarsson, Júlía K. Björke, Helgi Alfreðsson fá kærar þakkir fyrir traustið og alla hjálpina við rannsóknina. Þakkir til Landsvirkjunar fyrir áhugann og góðan samstarfsvilja. Starfsmenn Íslenskra orkurannsókna (ÍSOR) fá sérstakar þakkir fyrir samstarfið, sérstaklega þeir Finnbogi Óskarsson, Magnús Ólafsson og Sigurður G. Kristinsson.

Heimildir

Árni Einarsson, Gerður Stefánsdóttir, Helgi Jóhannesson, Jón. S. Ólafsson, Gísli Már Gíslason, Wakana I., Guðni Guðbergsson & Arnþór Garðarsson. (2004). The ecology of Lake Myvatn and the River Laxá: Variation in space and time. *Aquatic Ecology* 38: 317–348.

Árni Einarsson. (2010). *Fæðuvefur Mývatns*. Náttúrufræðingurinn 79: 57-67.

Bengtson, S.-A. (1971). Variations in clutch-size in ducks in relation to the food supply. *Ibis* 113: 523-526.

Bergur Sigfússon, Sigurður R. Gíslason og Meharg A.A. (2011). A field and reactive transport model study of arsenic in a basaltic rock aquifer. *Applied Geochemistry* 26: 553-564.

Eydís Salome Eiríksdóttir, Deirdre Clark, Carl-Magnus Mörth og Sigurður Reynir Gíslason. (2018a). *Efnasamsetning Þingvallavatns 2007–2017,* RH-11-2018, 47 bls.

